Samtök Ferðaþjónustunnar
Grímur Sæmundsen, formaður stjórnar
Borgartúni 35
105 Reykjavík

Reykjavík 16.01.2015

Eftirtalin fyrirtæki í Samtökum ferðaþjónustunnar (SAF), skora hér með á stjórn SAF að beita sér fyrir því að tekin verði upp komugjöld á Íslandi, til þess að fjármagna viðhald og uppbyggingu ferðamannastaða. Með því móti myndi stjórn SAF starfa í samræmi við vilja og sannfæringu meirihluta félagsmanna, sem fram kom í skoðanakönnun SAF nú í haust.

Þó að fyrir Alþingi liggi tillaga iðnaðarráðherra, þá á hún eftir að fá þinglega meðferð og margt í umræðunni bendir til að um þá tillögu náist ekki sátt. Því er brýnt að SAF komi með nýtt útspil, sem reikna má með að um náist víðtæk sátt, bæði meðal félagsmanna SAF, félagasamtaka sem tengjast ferðaþjónustu, annarra sem við ferðaþjónustu starfa og þjóðarinnar allrar.

Fyrirtæki:	**Ábyrgðarmaður:**
Atlantik	Gunnar Rafn Birgisson
Bandalag íslenskra farfugla	Markús Einarsson
Center Hotels	Kristófer Oliversson
Ferðaskrifstofa Harðar Erlingssonar	Hörður Erlingsson
GoNorth ehf	Unnur Svavarsdóttir
Hotel Cabin/Klettur/Örk	Geir Gígja
Hótel Hafnarfjörður ehf	Haukur Birgisson
Hótel Hvolsvöllur ehf	Óli Jón Ólason
Hótel Selfoss ehf	Ragnar J. Bogason
Iceland Excursions	Þórir Garðarsson
Íslenskir Fjallaleiðsögumenn	Ingibjörg Guðjónsdóttir
Katla DMI ehf	Bjarnheiður Hallsdóttir
Keahotels	Páll L. Sigurjónsson
Norðursigling	Heimir Harðarson
Special Tours	Hjörtur Hinriksson
Snæland Grímsson	Hallgrímur Lárusson
Viator ehf	Pétur Óskarsson